

## HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2017, mánudaginn 27. febrúar kl.16.00 var haldinn 150. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis Efstaleiti 1, á 2. hæð. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Guðfinna J. Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir formaður Íbúasamtaka Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar PLH sem ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um nýjar hugmyndir að íþróttahúsi í Laugardalnum.

Kristján Kristjánsson og Finnbogi Hilmarsson fulltrúar frá Knattspyrnufélaginu Þrótti taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Laugardals lýsir mikilli ánægju með hugmynd Knattspyrnufélagsins Þróttar um nýtt íþróttahús í Laugardalnum, sem myndi þjóna blaki og handbolta félagsins, sameina níu starfsstöðvar í eina, ásamt því að nýttast sem íþróttahús fyrir Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og að einhverju leyti fyrir Langholtsskóla og Vogaskóla líka. Nauðsynlegt er í framhaldinu að kanna afstöðu Armanns til þessa máls m.a. með tilliti til körfubolta sem er á vegum félagsins. Hverfisráð Laugardal hvetur til þess að þessari vinnu verði haldið áfram í samstarfi við íþrótt- og tómstundasvið, skóla- og frístundasvið, umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, viðeigandi fagráð og aðra aðila sem þurfa að koma að málinu þannig að hægt verði að klára útfærslu á þessari hugmynd. Verkefnið er mjög brýnt, ekki síst vegna fjölgunar íbúa í hverfinu, vegna þéttingu byggðar og nauðsynjar þess að lausn finnist á innanhúss íþróttastöðu Knattspyrnufélagsins Þróttar og grunnskólanna í hverfinu. Þessi framkvæmd þyrfti því að komast sem fyrst inn á áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Reykjavík.

Framkvæmdastjóra falið að koma þessu á framfæri við viðeigandi aðila

2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. febrúar 2017, þar sem tilkynnt er að Þórlaug Ágústsdóttir taki sæti sem varamaður í hverfisráði í stað Björns Birgis Þorlákssonar.
3. Lagt fram bréf til kynningar, umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. febrúar 2017, sbr. útskrift úr gerðabók ráðsins frá 30. nóv. 2016, um heildarendurskoðun á deiliskipulagi fyrir Skeifuna.
4. Lagt fram erindi frá íbúum við Skipasund, dags. 22. febrúar 2017, þar sem óskað er eftir aðstoð hverfisráðs við úrslausn vegna stórra bíla sem lagt er við enda hússins Skipasund 56. Erindið er áframsent til umhverfis- og skipulagssviðs og svars óskað fyrir næsta fund.
5. Fram fer umræða um heilsueflingu og um nýútkominn kynningarbækling um þjónustu við eldri borgara.
6. Fram fer umræða um opinn íbúafundi um nágrennavörslu í Langholtsskóla 15. febrúar s.l.

### Fundi slitið kl. 17.30

Heiðar Ingi Svansson

Bjarni Jónsson  
Kristín Elfa Guðnadóttir

Sandra Berg Cepero  
Elín Engilbertsdóttir